

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

917. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 29. ágúst 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **1608061 Páll Björnsson lögreglustjóri Norðurlands vestra og Kristján Þorbjörnsson yfirlögregluþjónn mæta til fundar við byggðarráð.** Fóru þeir yfir og skýrðu mönnun og verkferla lögreglunnar þegar bifreið fór fram af bryggjunni á Hvammstanga miðvikudaginn 24. ágúst sl. en lögregla mætti á svæðið 2 klst. eftir að tilkynnt var um atvikið til 112. Byggðarráð lýsir áhyggjum sínum yfir óviðunandi stöðu og fámenni lögreglunnar á Norðurlandi vestra. Sveitarstjóra falið að gera greinargerð um stöðuna og fá fund með innanríkisráðherra að nýju.

2. **Lögð fram eftirfarandi tillaga um afslátt af gatnagerðargjöldum.**

Vegna lítillar eftirspurnar eftir lóðum fyrir íbúðahús og mikillar eftirspurnar eftir leiguhúsnaði samþykkir byggðarráð Húnaþings vestra að nýta tímabundið heimild til niðurfellingar gatnagerðargjalda í samræmi við 6. gr. laga nr. 153/2006 og 6. gr. samþykktar Húnaþings vestra um gatnagerðargjöld nr. 717/2013. Um er að ræða íbúðahúsalóðir á götum sem þegar eru tilbúnar til úthlutunar.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að eftirfarandi ákvæði gildi um úthlutun allt að 17 íbúðarhúsalóða sem afslátturinn mun ná til:

- Lóðirnar sem um ræðir verða skilgreindar á lista sem byggðarráð samþykkir.
- Umsóknir um lóðirnar skulu berast eigi síðar en **31. desember 2017** en umsóknir sem berast á umsóknarfresti verða afgreiddar af skipulags- og umhverfisráði eftir því sem efni standa til.
- Verði umsækjendur fleiri en þær lóðir sem eru til úthlutunar gildir útdráttur milli þeirra.
- Sæki fleiri en einn um sömu lóðina gildir einnig útdráttur milli umsækjenda. Við úthlutun lóðanna skulu gilda ákvæði um að byggingarframkvæmdir skuli vera hafnar innan árs frá úthlutun og að byggingar skuli hafa hlotið

fokheldisvottorð innan tveggja ára, að öðrum kosti fellur niður ákvæði um afslátt gatnagerðagjalda.

Byggðarráð samþykkir tillöguna og framlagðan lista yfir þær lóðir sem samþykktin nær til og felur sveitarstjóra að auglýsa hana.

3. **Fundargerð landbúnaðarráðs, formaður kynnti**

Fundargerð 142. fundar frá 24. ágúst sl. fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.

4. **Fundargerð félagsmálaráðs, formaður kynnti.**

Fundargerð 174. fundar frá 24. ágúst sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.

5. **1608062 Lögð fram til kynningar fundargerð starfshóps um samstarf í málefnum fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra** frá 23. júní sl.

6. **Frá nefndasviði Alþingis.** Lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um Umhverfisstofnun. Byggðarráð sér ekki ástæðu til að senda inn umsögn.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:33

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir